

Víkurlax ehf  
Byggðavegi 111  
600 Akureyri

Akureyri, 25.6.2024  
UST202402-091/G.S.Á.  
08.12.02

## **Efni: Reglubundið eftirlit þann 03.06.2024 - Víkurlax ehf., Eyjafirði ID242**

Þann 3. júní sl. fór fram reglubundið eftirlit í fiskeldisstöð Víkurlax ehf., Eyjafirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

### **Engar ábendingar voru settar fram í eftirlitinu.**

#### **Sjö frávík komu fram er varða:**

- 1.** Gr. 3.4 í starfsleyfi. Losun fosfórs í frárennsli má ekki fara yfir 10 kg/tonn af lífmassaaukningu á ári. Engar mælingar hafa verið gerðar á losun fosfórs síðan árið 2021 og engir útreikningar út frá fóðurnotkun gerðir.
- 2.** Gr. 3.5 í starfsleyfi. Taka skal myndir við útrásina til að fylgjast með hvort starfsemin hafi áhrif á umhverfið þar í kring á tveggja mánaða fresti. Myndir hafa ekki verið teknar af útrásinni.
- 3.** Gr. 4.3 í starfsleyfi. Skv. gr. 4.3 skal mæla heildarfosfór og heildarköfnunarefni vatns við inntak í stöðina og í útrás frárennslis a.m.k. tvisvar á ári, annars vegar við hámarksfóðrun og hins vegar þegar fóðrun er í lágmarki. Mælingar vantar fyrir árið 2022.
- 4.** Gr. 4.3 í starfsleyfi. Skv. gr. 4.3 skal mæla heildarfosfór og heildarköfnunarefni vatns við inntak í stöðina og í útrás frárennslis a.m.k. tvisvar á ári, annars vegar við hámarksfóðrun og hins vegar þegar fóðrun er í lágmarki. Mælingar vantar fyrir árið 2023.
- 5.** Gr. 4.4 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Ársyfirlit fyrir árið 2022 vantar.
- 6.** Gr. 4.4 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Ársyfirlit fyrir árið 2023 vantar.

7. Gr. 5.1 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal taka þátt í vöktun á helstu umhverfisþáttum í nágrenni eldisstöðvarinnar og útrásarinnar í samræmi við umfang losunar fyrirtækisins. Vöktunarmælingar hafa ekki farið fram.

**Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 17. júlí 2024.**

Virðingarfyllst

Guðbjörg Stella Árnadóttir  
sérfræðingur

Kristín Kröyer  
sérfræðingur